



Lúxemborg, 20. desember 2024

FRÉTTATILKYNNING 18/2024

Dómur í máli E-13/23 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi

FRÁVÍSUN SAMNINGSBROTAMÁLS Á SVIÐI FJÁRMÁLAMARKAÐA

Með dómi sem kveðinn var upp í dag vísaði EFTA-dómstóllinn frá máli, höfðað af Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“) gegn Noregi.

Deilt var um lið 4-1 í norsku lögnum um fjármálastofnanir, þar sem kveðið er á um að norskum fjármálastofnunum beri að tilkynna norska fjármálaeftirlitinu (*Finanstilsynet*) það fyrir fram hyggist þau stofna eða yfirtaka dótturfélög í öðrum EES-ríkjum og veita því fjármálaeftirlitinu heimild til afskipta ef slík áform útsetja norska fjármálastofnun eða samstæðu fyrir sérstakri áhættu eða hindrar eftirlit með samstæðunni. ESA hélt því fram að þessar ráðstafanir fælu í sér brot á nokkrum tilskipunum á sviði fjármálaþjónustu,¹ sem og á staðfesturétti samkvæmt 31. gr. EES-samningsins.

EFTA-dómstóllinn vísaði frá megninu af kröfum ESA þar sem þær voru ekki dómtækar og að öðru leyti sýknaði dómstóllinn Noreg af kröfum stofnunarinnar. Varðandi tilskipanirnar vísaði EFTA-dómstóllinn kröfunum frá þar sem þær uppfylltu ekki réttarfarsreglur. Hvað varðar 31. gr. EES-samningsins taldi EFTA-dómstóllinn að einnig bæri að vísa frá þeim hlutum kröfunnar, sem sneru að fjármálastofnunum sem falla undir gildissvið tilskipananna. Að því er varðar fjármálastofnanir sem falla utan gildissviðs tilskipananna sýknaði EFTA-dómstóllinn Noreg af þeim kröfum.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: eftacourt.int/cases/e-13-23/.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.

¹ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II); Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB; Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri; Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB; og Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB.